

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1830
komudagur 6.5.2005



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

06.05.2005

Efni: Samgönguáætlun

Á fundi sínum þann 28.04. sl. tók sveitarstjórn til umræðu samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008.

Afgreiðsla og bókun sveitarstjórnar var sem hér segir:

Samgönguáætlun.

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008. Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða: *Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ítrekar fyrri ábendingar sínar um nauðsynlegar samgöngubætur í sveitarfélaginu, s.s. 1. að Vaðlaheiðargöng komist nú þegar á samgönguáætlun; 2. að bundið slitlag verði lagt á tengivegi, t.d. á Bárðardalsveg vestari, Illugastaðaveg og Út-Kinnarveg auk þess sem bæta þarf fleiri tengivegi í Fnjóskadal, Bárðardal, Reykjadal og Laxárdal; 3. um nauðsyn þess að tvöfalda brýr yfir Skjálfandafljót á þjóðvegi nr. 1 við Fosshól og á vegi nr. 85, Norðausturvegi, en sú brú var gerð árið 1935, er tæplega 200 metrar að lengd og einbreið. Um leið telur sveitarstjórn einboðið að breyta skuli veglínu Norðausturvegar þannig að vegalengdin styttest milli Húsavíkur og Akureyrar.*

Þetta tilkynnist hérmeð og þess skal getið að tölvuskeyti með framangreindri bókun var send á nefndasvid@althingi.is þann 05.05. sl.

Virðingarfyllst,



Jóhann Guðni Reynisson
sveitarstjóri